


Almennt um úrlausnir á skilaverkefni 2

Augljóst var að flestir höfðu lagt vinnu í verkefnið og er það vel. Margt var gott og augljósar framfarir voru frá skilaverkefni 1. Hins vegar voru hnökrar á mörgum verkefnum. Hér verður leitast við að skýra frá hvað betur hefði mátt fara. Ekki verður þó hægt að leiðrétta allt sem miður fór heldur verður reynt koma með ábendingar sem eiga eftir að nýtast sem flestum nemendum námskeiðsins.

- Skýrslan á að skiptast í Inngang, Aðferð, Niðurstöður og Umræðu. Algengt er að útdráttur sé í upphafi skýrslu.
- Gott væri að skipta aðferðakafla upp í eftirfarandi undirkafla: *Þátttakendur*, þar sem kemur fram hverjir eru þátttakendur og hvernig þeir eru valdir ef þær upplýsingar eru fyrir hendi. *Rannsóknarsnið*, þar sem gerð er grein fyrir þeim breytum sem notaðar eru. Og að síðustu *Framkvæmd* en þar er gerð grein fyrir því hvernig rannsóknin er framkvæmd. Ef einhver *mælitæki* eru notuð þá væri eðlilegt að hafa einn undirkafla þar sem gerð væri grein fyrir þeim.
- Æskilegt er að töflur og myndir séu númeraðar. Slíkt er m.a. gert til að auðvelda vísun í þær í texta. Töflunúmer og heiti eru fyrir ofan töflur en myndanúmer, sbr. Töflu 1, og heiti myndar eru fyrir neðan mynd, sbr. Mynd 1.




Mynd 1 Normalrit af leif

Tafla 1 Niðurstöður dreifigreiningar fyrir áhrif stöðu á velli og stigaskors á laun

Áhrif	Summa kvaðrata	Frígráður	Meðalsumma kvaðrata	F	p
Stig	1.031,0	2	515,5	45,3	0,000
Staða á velli	0,5	1	0,5	0,0	0,949
Staða á velli*Stig	2,8	2	1,4	0,1	0,884
Leif	1.058,2	93	11,4		
Heild	4.831,2	99			

- Uppsetning taflna var oft slæm. Nauðsynlegt er að töflur séu skýrar svo að lesandinn átti sig á hvaða upplýsingar þær geyma. Einnig eiga einungis þær töflur sem vísað er í að fara inn í niðurstöðukafla. Leitast skal við að setja aðeins þær töflur og myndir í niðurstöðukafla sem höfundur telur nauðsynlegar til að skýra frá niðurstöðum.
- Í niðurstöðukafla er nauðsynlegt að höfundur segi hverjar niðurstöðurnar eru tæknilega. Nauðsynlegt er þar að flétta saman texta, myndir og töflur. Það vildi brenna við að töflur og myndir voru settar inn hver á eftir annarri í niðurstöðukafla en enginn texti, eða í besta falli mjög takmarkaður, fylgdi með. Ef mynd eða tafla er sett í niðurstöðukafla er nauðsynlegt að texti sé þar einnig, þar sem taflan eða myndin er túlkuð.
- Við mat á forsendum aðfallsgreiningar kom fyrir að rangar myndir voru notaðar við matið. Algengt var að mynd eins og sú til vinstri væri notuð í verkefninum. Yfirleitt var ætlun nemenda að athuga hvort leifin væri normaldreifð. Betra hefði verið að nota mynd eins og þá til hægri til að meta þá forsendu.

**Mynd 2** *Hlutfallstalnarit (quantile plot) og normalrit (normal probability plot) af sömu gögnum.*

- Oft vantaði rökstuðning með þeim staðhæfingum sem settar voru fram. Dæmi um slíkt er t.d. ef sagt er „*villan er óháð*.“ Höfundur ætti að segja af hverju hann kemst að þeirri niðurstöðu, hvað er það í mynd eða töflu sem bendir til þess.
- Einhverjir túlkuðu ekki hallatölur eða R^2 . Slíkt er nauðsynlegt til að segja á eðlilegan hátt frá niðurstöðum aðfallsgreiningar.